



386. Stjórnarfundur haldinn 11. jan. 2012 kl:17:00

Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Kári Gunnlaugsson (KG), Þórður Magni Kjartansson (ÞMK), Sigurvin Guðfinnsson (SG), Sveinn Adólfsson (SA) og Bjarney S. Snævarsdóttir. (BS)

1. Fundagerð síðasta fundar.

Farið yfir og samþykkt.

2. Innkominn bréf.

Bréf frá UMFÍ v/ eineltismála, jafnréttisáætlunar, siðareglna og aðgerðaáætlunar vegna kynferðisbrotamála. Spurt er um hvernig þessum málum sé háttað innan félagsins.

Framkvæmdastjóra falið að svara þessum spurningum.

Bréf frá UMFÍ v/ stöðu mála varðandi VBS og fasteignamála UMFÍ. **Móttekið.**

Bréf frá Helgu Hildi Snorradóttur formanni fimleikadeildar þar sem óskað er eftir heimild til framlengingar á yfirdrætti í LÍ. **Samþykkt að veita fimleikadeildinni þessa umbeðnu heimild.**

Bréf frá Guðmundi Árnasyni sölustjóra Nora þar sem tilkynnt er um hækkun á Norakerfinu frá og með 1. apríl um 5%. **Móttekið.**

3. Send bréf.

Engin.

4. Íþróttamaður Keflavíkur.

Pálína María Gunnlaugsdóttir var valin íþróttamaður Keflavíkur 2011 í hófi miðvikudaginn 28. desember. Pálína var svo valinn íþróttamaður RNB 2011.

5. Formannafundur.

Fundagerð formannafundar 3. janúar liggur frammi. **Framkvæmdastjóra falið að senda hana á formenn deilda og aðra þá er sátu fundinn.**

6. Aðalfundir.

Aðalfundir deilda hafa verið dagsettir og verður sett auglýsing fyrir helgi á heimasíðu félagsins. Lagt er til að aðalfundur félagsins verði 27. febrúar 2012 kl. 20:00. **Samþykkt.**

Umræður um aðalfundi deilda og framkvæmd þeirra. Einnig rætt um aukaaðalfund og hlutverk hans. Stjórnarkjör rætt.

7. Önnur mál.

Þorrablót Keflavíkur.

Umræður um reglugerð varðandi starfsmerki félagsins. Ákveðið að framkvæmdastjóri sendi erindi á stjórnir deilda og hvetja þær til að kjósa í ráð og nefndir sem eru starfandi í deildum. Þannig verður þetta skilvirkara og einnig hægt að halda utan um það fólk sem velst til starfa.

EH kynnti tillögur knattspyrnudeildar er varða skuldamál þeirra við LÍ. Stjórnarmenn ánægðir með hvernig verið er að taka á skuldavanda deildarinnar.

KG óska eftir því að vera leystur undan formensku í félagsheimilanevnd og leggur til að Þorsteinn Magnússon verði gerður að formanni nefndarinnar.





BS spyr um hver sé staðan á fyrirmyndar viðurkenningum ÍSÍ. EH svarar því til að fjórar af fimm deildum fengu endurnýjaða viðurkenningu 28. febrúar 2008 og því komin tími á að endurnýja aftur. Framkvæmdastjóra falið að fara í málið og senda á deildir og minna þær á að uppfæra handbókina.

Umræður um stöðu mála gagnvart Stafnvík vegna Hringbrautar 108. Framkvæmdastjóra falið að heyra í Jóhannesi Ellertssyni og vera með upplýsingar á næsta stjórnarfund. Atafli hefur sýnt áhuga á malarvallarsvæðinu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.18:30

Fundinn ritaði SG

